



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2014 (42. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.06.2014 kl. 10:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Magnús Stefánsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - kynning á stöðu vinnunnar

Skipulagsfulltrúi greindi frá samráði við ýmsa aðila vegna vinnu við aðalskipulag flugvallarins, m.a. aðliggjandi sveitarfélög, Landhelgisgæsluna, Kadeco og ýmsa flugrekstraraðila. Kynnt var tímaáætlun um framgang vinnunnar á næstunni. Er þar gert ráð fyrir að drög að tillögu að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar verði kynnt í september n.k.

2. Fálkavöllur 13, umsókn um viðbyggingu, kællir. Endurnýjuð umsókn

Lagt var fram að aflokinni grenndarkynningu erindi Árna Friðrikssonar, arkitekts, f.h. Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli, dags. 30.04.2014, þar sem ítrekuð er ósk um að veitt verði undanþága frá skipulagsskilmálum vegna húshæðar Fálkavallar 13. Málið snýst um heimild til að byggja lægra hús (viðbygging) en núverandi bygging, en skilmálar kveða á um byggingu í einni hæð. Skipulagsnefndin ákvað á síðasta fundi að bætt yrði við skipulagstillöguna að frekara framhald viðbygginga við húsið yrði í sömu hæð og tillagan gerir nú ráð fyrir, eða að sú viðbygging, sem nú er um rætt, verði hækkuð síðar til samræmis við núverandi byggingu og hugsanlegar viðbyggingar framtíðarinnar.

Allir aðilar sem fengu tillöguna til kynningar, AA (Airport Associates), EAK (Eldsneytisafgreiðslan) og ITS (Icelandic Technical Service), samþykktu tillöguna.

Skipulagsnefndin samþykkti skipulagstillöguna sem breytt deiliskipulag.



3. **Breyting á deiliskipulagi reita F og H**

Lögð var fram á síðasta fundi nefndarinnar tillaga að breytingu á deiliskipulagi reita F og H. Breytingin felst aðallega í eftirfarandi atriðum:

- Stækkun byggingarreita til norðurs og austurs frá núverandi flugstöð
- Stækkun byggingarreita beggja vegna landgöngurana
- Fjölgun bílastæða
- Bílastæðahús fellt út
- Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,13 í 0,44

Til viðmótar þessari samþykkt skipulagsnefndarinnar var samþykkt að stækka skipulagssvæðið til austurs og og auglýsa tillöguna með þeirri breytingu í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um.

4. **Breyting á tilhögun byggingarfulltrúaembættis**

Rætt var um ferli byggingarmála á Keflavíkurflugvelli eftir tilkomu nýrra mannvirkjalaga. Byggingarnefnd skipa byggingarfulltrúar sveitarfélaganna. Sveitarstjórnir staðfesta samþykktir byggingarnefndarinnar hver í sínu sveitarfélagi. Byggingarfulltrúar annast úttektir hver í sínu sveitarfélagi.

5. **Nýr fulltrúi Sveitarfélagsins Garðs í skipulagsnefndinni**

Magnús Stefánsson mun hætta störfum sem fulltrúi Garðs í skipulagsnefndinni. Var honum þakkað ánægjulegt samstarf í nefndinni. Fulltrúi Garðs verður væntanlega Einar Jón Pálsson.

6. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 15.08.2014.

Fleira ekki gert, fundi slitið.